

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. júlí 2008  
Tilvísun: UST20080400089/hj

### Lagning tveggja ljósleiðarasæstrengja frá Íslandi til Danmerkur og frá Íslandi til Grænlands – frekari umsögn.

Umhverfisstofnun bárust svör framkvæmdaraðila ásamt beiðni Skipulagsstofnunar um frekari umsögn þann 24. júní sl. og fundað var með framkvæmdaraðila 26. júní.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við það sem fram kemur á bls. 5 í greinargerð vegna leiðarvals um friðland við Surtsey frá júní 2008 en þar segir m.a. :

*„Í desember 2007 var haft samband við Umhverfisstofnun, vegna þess að fyrirhuguð leið liggur inn fyrir ytri mörk friðlandsins við Surtsey. Ekki var gerð athugasemd við það leiðarval en bent á að sækja þyrfti um leyfi stofnunarinnar fyrir því að fara inn fyrir mörk verndarsvæðisins.“*

Umhverfisstofnun vill taka fram að ekki hefur komið inn neitt formlegt erindi frá framkvæmdaraðila með beiðni um álit á legu sæstrengja innan friðlandsins Surtseyjar og að stofnunin hafði ekki vitneskju um leguna fyrr en tilkynning um matskyldu barst stofnuninni 10. apríl sl. Ofangreint samband var símtal og snérist að mati stofnunarinnar um upplýsingar um að almennt þyrfti samþykki stofnunarinnar vegna lagningar sæstrengja samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, en ekki um legu sæstrengjanna innan friðlandsins Surtseyjar.

Umhverfisstofnun bendir ennfremur á að í álit Kjartans Thors og Páls Einarssonar frá febrúar 2007 „Mat á tveimur leiðum fyrir sæstreng vestan Vestmannaeyja“, sem er unnin fyrir leiðarvalshóp samgönguráðuneytisins, er fjallað um tvær leiðir sem báðar eru vel fyrir utan friðlandið. Engar upplýsingar eru um hvort þessar leiðir hafi verið skoðaðar nánar hvað botngerð varðar sem valkostir á móti leiðinni í gegnum friðlandið.

Í svörum Farice við athugasemdum Umhverfisstofnunar, sbr. bréf dags. 24. júní sl., segir m.a.:

*„Auk þess vill Farice benda á það að innan jaðarsvæðis friðlandsins við Surtsey, sem fyrirhuguð leið liggur um, eru veiðar með botnveiðarfærum heimilar. Sæstrengjunum fylgir hins vegar veiðibannssvæði (mílufjórðungur beggja megin*

*strengja) sem þýðir að við lagningu sæstrengjanna inn á friðlandið mun myndast nýtt u.þ.b. 327 ha svæði þar sem veiðar með botnveiðarfærum yrðu ekki leyfðar. Veiðibannssvæði fyrir botnfæraveiði í friðlandi Surtseyjar mun því stækka um 10% við lagningu strengjanna. Því telur Farice hf. Að lagning strengjanna innan jaðarsvæðis friðlands Surtseyjar sé frekar til bóta út frá umhverfislegum sjónarmiðum.“*

Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar sjálfar og tilgangur friðunarinnar er að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti og truflun af völdum manna sem minnst. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að lagningu sæstrengjanna fylgir hreinsun botnsins sem raskar óneitanlega botni og lífríki og komi til viðhalds eða viðgerða á strengjunum innan friðlandsins mun það einnig hafa í för með sér röskun. Ennfremur vill stofnunin vekja athygli á í tilkynningu um matskyldu kemur fram að við leiðarvalið hafi verið haft að markmiði að forðast veiðisvæðin eins og hægt er.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir þau viðbótargögn sem lögð hafa verið fram og einnig fengið álit Sveins Jakobssonar jarðfræðings á Náttúrufræðistofnun Íslands, en í álit hans kemur m.a. fram:

*„Frankvæmdaaðilar undirstrika að þegar hefur verið lögð mikil vinna í verkefnið, margar umsagnir fengnar og að um er að ræða jaðarbelti friðlandsins þar sem botnvörpuveiðar eru leyfðar. Eins og UST hefur þegar viðurkennt þá eru umhverfisáhrif vegna lagningar sæstrengjanna tveggja ekki umtalsverð. Á móti kemur að það er ekki ljóst hversu nákvæmar upplýsingar frankvæmdaaðilar hafa um gerð sjávarbotnsins á svæðinu, það ber að undirstrika að sjókort eru yfirleitt ónákvæm hvað varðar gerð sjávarbotns, yfirleitt er um mjög grófa skiptingu botngerða að ræða. Hafa ber í huga að "hraun" merkir einfaldlega úfinn botn, víða t.d. á Selvogsgrunni og í Faxaflóa sést á botnsýnum af "hraunasvæðum" að oftast er um móberg eða harðnað set af ýmsum gerðum að ræða. Þegar á allt er litið, eru röksemdir skýrsluhöfunda ekki sannfærandi um að kaplarnir þurfi endilega að liggja um suðvesturhorn friðlandsins og að ekki megi hnika þeim til suðvesturs út fyrir friðlandið.“*

Niðurstaða stofnunarinnar er að ekki hafi komið fram þær upplýsingar um botngerð svæðisins utan friðlandsins að hægt sé að gera raunhæfan samanburð á leiðum utan og innan friðlandsins. Í ljósi þessa ítrekar stofnunin fyrra álit sitt frá 30. apríl sl. um að lagning sæstrengjanna hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif en leggur til að „breyta eigi fyrirhugaðri legu strengjanna þannig að þeir liggja utan friðlands Surtseyjar“.

Umhverfisstofnun vill jafnframt benda á að Surtsey var samþykkt inn á heimsminjaskrá UNESCO 7. júlí sl. og í tilnefningu Surtseyjar á heimsminjaskrá stendur m.a. (feitletrun Umhverfisstofnunar):

Bls. 8;


“The nominated property, Surtsey (Fig. 1.1, red line), represents the strictly protected component of the nationally designated Surtsey Nature Reserve. The 33.7 km<sup>2</sup> property encompasses the entire Surtsey volcano (of which 1.4 km<sup>2</sup> are above sea level and 13.2 km<sup>2</sup> are submerged) and surrounding ocean (19.1 km<sup>2</sup>). The remaining 31.9 km<sup>2</sup> of the Surtsey Nature Reserve (Fig 1.1, black line) represent a buffer zone for this nomination. Fishing is allowed within the buffer zone, but construction, mining and the use of firearms are prohibited.”

Bls. 77;

"There are only three man-made structures on the island, and other physical human disturbance is negligible. It may therefore be justifiably claimed that Surtsey island and its littoral zones represent a pristine natural phenomenon."

Umhverfisstofnun vill taka fram að enn hefur ekki borist formleg leyfisumsókn um lagningu sæstrengjanna í samræmi við 7. gr. auglýsingar um friðland í Surtsey, sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Jafnframt vill stofnunin benda á að skv. 7. gr. auglýsingar um friðlandið þarf leyfi frá sveitarstjórn Vestmannaeyja vegna lagningu sæstrengja innan þess.

Virðingarfyllt

  
Helgi Jónsson  
ráðgjafi

  
Kristín Linda Arnadóttir  
forstjóri

